

## BRÁÐABIRGÐALÖG

### um innflutningsgjald o. fl.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna óhagstærðar þróunar á erlendum mörkuðum og lítillar sildveiði, það sem af er þessu ári, horfi alvarlega bæði um afkomu sjávarútvegsins og útflutningstekjur þjóðarinnar á þessu ári. Hefur þetta leitt til þess, að þróunin í gjaldeyrismálum hefur að undanfögnu verið mun óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir, jafnframt því sem rikissjóður hefur orðið að taka á sig viðbótarskuldbindingar vegna erfiðleika atvinnuveganna. Nauðsynlegt er að fá nokkurt svigrúm til þess að kanna rækilega allar aðstæður og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar og ræða skilyrði til almenns samstarfs stjórnmalaflokka um lausn vandans, svo að Alþingi geti á sínum tíma tekið endanlegar ákvarðanir. Hins vegar verður ekki hjá því komizt, að nú þegar séu gerðar ráðstafanir til þess að draga úr gjaldeyrisnotkun og greiðsluhalla rikissjóðs. Ríkisstjórnin telur því brýna nauðsyn bera til, að gerðar verði nú þegar bráðabirgðaráðstafanir í þessu skyni, með því að lagt verði á 20% innflutningsgjald á allar innfluttar vörur, svo og samsvarandi skattur á útgjöld til ferðalaga erlendis. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið, að takmarkaðar verði að sinni, svo sem föng eru á, allar yfirfærslur fyrir duldu greiðslum til útlanda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 20% innflutningsgjald, er rennur í rikissjóð. Um innheimtu gjaldsins gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 63/1968 um tollskrá o. fl. og lög nr. 68/1956 um tollheimtu og tollleftirlit.

Innflutningsgjaldið skal greitt af öllum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 3. september 1968. Hafi innflytjandi fyrir 3. september 1968 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan því aðeins afgreidd án greiðslu innflutningsgjalds, skv. 1. mgr., að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 10. september 1968.

Innflutningsgjald skal einnig greitt af vörum, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 22. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

## 2. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði bætur vegna verðhækkana, sem innflutningsgjaldið hefur í för með sér á eftirtöldum vörum: brennsluolíu og umbúðum sjávarútvegsins, veiðarfærum, sem ekki eru framleidd innanlands, svo og fóðurvörum landbúnaðarins.

## 3. gr.

Óheimilt er að hækka verð á birgðum innfluttrar vöru, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af, og sama gildir um birgðir iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af og ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

Verðlagsnefnd skal heimila verzlunarálagningu á sem næst 30% þeirrar hækkunar, sem af innflutningsgjaldinu leiðir.

## 4. gr.

Nú er vara, sem innflutningsgjald hefur verið greitt af, flutt inn með erlendum greiðslufresti með leyfi rétttra yfirvalda, og skal þá ríkissjóði heimilt að endurgreiða gjaldið eða hluta þess, að svo miklu leyti, sem skuldarupphæðin í krónum kann að hækka á greiðslufreststímanum vegna ráðstafana íslenzkra yfirvalda. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slíka endurgreiðslu.

## 5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að lagt skuli allt að 20% gjald á útgjöld til ferðalaga erlendis, sem renni í ríkissjóð. Setur hún nánari reglur um tilhögun og innheimtu gjaldsins.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 30. nóvember 1968.

*Gjört að Bessastöðum, 3. september 1968.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*